
Gaukurinn

Fréttabréf
Skeiða- og Gnúpverjahrepps



1. Árg. 7 tbl. september 2021

Alþingiskosningar 25. september 2021

Kjörfundur í Skeiða -og Gnúpverjahreppi vegna alþingiskosninga verður haldinn í Félagsheimilinu Árnesi frá kl. 10-22 laugardaginn 25. september.

Kjörskrá liggur nú frammi á skrifstofu sveitarfélagsins í Árnesi svo kjósendur geti gengið úr skugga um að þeir séu rétt skráðir. Skrifstofan er sem áður opin frá kl. 9 – 12 alla virka daga og kl. 13-14 mánudaga til fimmtudaga.

Hægt er að kjósa utankjörfundar hjá Sýslumanninum á Selfossi sem hér segir:

Laugardaginn 18. september kl.10 -12

Dagana 20. – 24. september kl. 9 – 18

Á kjördag, 25. september kl.10 - 12

Kjörstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps



Af gatnagerðargjöldum -eða sköttum



Á fundi sveitarstjórnar 11. ágúst sl. var tekinn fyrir úrskurður Samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytisins vegna álagningar gatnagerðargjalda í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Mig langar aðeins til að útskýra í stuttu máli hvað fólst í úrskurðinum og þá niðurstöðu sem sveitarstjórn komst að.

Forsaga málsins er að árið 2019 var lagt á gatnagerðargjald í Skeiða- og Gnúpverjahreppi á eigendur íbúða í Brautarholti og Ánesi í kjölfar þess að lokið var við að leggja bundið slitlag á götur og gangstéttir.

Leitað var lögfræðialits við álagninguna og var talið að heimild væri fyrir því að leggja gatnagerðargjöld á hluta þeirra eigna sem um ræddi í hverfunum, þ.e. þær eignir sem hafði verið úthlutað 2004 og síðar skv. ákvæðum þágildandi gjaldskrár sveitarfélagsins sem samþykkt var og birt í B-deild Stjórnartíðinda 10. nóvember 2004. Byggði sú gjaldskrá á þágildandi lögum um gatnagerðargjöld nr. 17/1996 sem kvað á um skyldu sveitarfélaga en ekki heimild þeirra til að leggja á gatnagerðargjöld, líkt og fyrri löggjöf hafði kveðið á um, en hins vegar var ekki skýrt í lögnum hvort þau voru raunverulega ætluð sem skattlagningarheimild eða heimild til álagningar þjónustugjalds. Munurinn þarna á milli felst í því að til að innheimta skatt verður í lögum að vera kveðið á um grunnþætti umrædds skatts, þ.e. skattskyldu, skattstofn og reglur um ákvörðun umrædds skatts, en til grundvallar á álagningu þjónustugjalds þarf einungis einfalda lagaheimild, þ.e. það þarf að koma fram í lögum að heimilt sé að taka gjald fyrir tiltekna þjónustu sem látin hefur verið í té.

Í samþykktri gjaldskrá sveitarfélagsins frá árinu 2004 er kveðið á um álagningu svokallaðs A gatnagerðargjalds, sem var innheimt áður en

byggingarleyfi var veitt, og B gatnagerðargjalds, sem var innheimt þegar bundið slitlag var lagt á götur. Í þágildandi samþykkt sveitarfélagsins var kveðið á um að heimild til að haga greiðslu gatnagerðargjalds þannig að 25% væri greitt innan þriggja mánaða frá undirritun lóðarleigusamnings eða útgáfu byggingarleyfis en 75% þegar lokið væri lagningu bundins slitlags á viðkomandi götu.

Með nýjum lögum um gatnagerðargjöld nr. 153/2006 var tekinn allur vafi af álagningu gatnagerðargjalda og skýrlega kveðið á um að gatnagerðargjald sé skattur og fékk gjaldskrá sveitarfélagsins frá 2004 því nýja lagastoð. Gjaldskráin var þó ekki uppfærð og þar enn heimild til álagningar hins svokallaða B gatnagerðargjalds sem bundið var við tiltekna þjónustu sem sveitarfélagið veitti, þ.e. þjónustugjald.

Í úrskurði ráðuneytisins er talið að þessi heimild sveitarfélagsins til að leggja á hið svokallað B gjald beri ótvírætt með sér að sveitarfélagið sé að leggja á þjónustugjald en ekki skatt líkt og gildandi lög um gatnagerðargjöld kveða á um. Ljóst er að þeirri réttaróvissu var eytt árið 2006 með setningu nýrra laga og því hafi ákvæðið í samþykkt sveitarfélagsins skort fullnægjandi lagastoð. Álagningu gatnagerðargjalda og greiðslu gatnagerðargjalda skal almennt vera lokið fljótlega eftir upphaf byggingaframkvæmda. 14 ár hafi hins vegar liðið frá því að stofn til álagningar gatnagerðargjalds myndaðist fram til þess tíma að sveitarfélagið krafðist greiðslu á 75% gjaldsins.

Leitað var álits hjá Lögmönnum Suðurlands ehf. á framangreindum úrskurði. Að mati Lögmanna Suðurlands byggist niðurstaða ráðuneytisins líklega meira á sanngirnissjónarmiðum heldur en rökstuddri lögfræðilegri niðurstöðu þó nokkuð mikill vafi sé uppi um lagagrundvöll álagningar gatnagerðargjaldanna. Það að fara í málaferli til þess að reyna að fella fyrirliggjandi úrskurð úr gildi yrði hins vegar mjög kostnaðarsamt og tímafrekt og er þannig mjög íþyngjandi fyrir sveitarfélagið og ekki síst íbúa sveitarfélagsins. Horfði sveitarstjórn m.a. til þeirra sjónarmiða við bókun sína á fyrrnefndum fundi sveitarstjórnarinnar.

Það er nokkuð ljóst að þessi úrskurður er þó þungbær fyrir rekstur sveitarfélagsins, tekið hefur verið tillit til niðurstöðunnar í viðauka við fjárhagsáætlun og uppgjör farið fram á áður greiddum gatnagerðargjöldum. Ný samþykkt um gatnagerðargjöld í þéttbýli Skeiða- og Gnúpverjahrepps hefur einnig litið dagsins ljós með frekari lagastoð í lög um gatnagerðargjöld nr. 153/2006.

Það er mikilvægt að við leggjum þetta mál að baki og horfum björtum augum áfram veginn við uppbyggingu og framtíðarsýn sveitarfélagsins. Skólastarf leik- og grunnskóla er nú byrjað aftur eftir sumarfrí og ánægjulegt að sjá og heyra af börnunum í leik og starfi. Fé er nú komið að mestu af fjalli, en afréttasvæði okkar er eitt það lengsta á Íslandi, og réttir hafa farið fram. Framkvæmdir við byggingu 5 íbúða raðhúss í Árnesi er þegar hafnar og fleiri framkvæmdir fyrirhugaðar á næstunni í sveitarfélaginu. Vonandi getum við með vetrinum farið að lifa lífinu aftur óháð Covid-19 og þeim takmörkunum sem sá sjúkdómur hefur sett á samfélagið og skipulagt samkomuhald eins og þorablót og aðrar ánægjulegar samverustundir.

Með bestu kveðju

Sylvía Karen Heimisdóttir, sveitarstjóri.

Útielhdús frá Kvenfélagi Skeiðahrepps

Kvenfélag Skeiðahrepps færði leikskólanum eldstæði og fullt af fylgihlutum að gjöf þann 8. september sl.

Nú verður leikur einn hjá þeim að njóta enn frekar útiveru og skemmtilegra stunda þar sem hægt er að kveikja eld og baka lummur, poppa, hita kakó eða elda hádegismatinn úti.



Hér má sjá hluta af nemendum Leikhólts prófa nýja, fína, eldstæðið. Starfsmenn og nemendur í Leikholti senda hér með kærar þakkir fyrir þessa glæsilegu gjöf.



Stjórn
Kvenfélagsins
ásamt
nemendum og
starfsmönnum í
Leikholti sem
tók við gjöfinni.

Jimbee Volcano ultramarafon leggur af stað

Ultramarafonið Jimbee Volcano var í fyrsta sinn haldið hér á landi núna í september en það hefur hingað til verið haldið í Costa Rica. Hlaupinu var startað snemma morguns sunnudaginn 12. september á Flötunum og hlaupið um 280 km. leið suður í Þakgil. Upphaflega átti hlaupið að vera í júlí en vegna Covid 19 gekk illa að skipuleggja hlaupið, enda þátttakendur aðallega erlendis frá.

Um 30 keppendur frá 10 löndum tóku þátt og komu í „grunnbúðir“ á Flötunum föstudaginn 10. september þar sem þeir sváfu í tjaldbúðum frá Jimbee Volcano.

Hlaupið tók 7 daga og þurfti á einhverjum hluta leiðarinnar að færa hlaupaleiðina til vegna veðurs.



Tjaldbúðir keppenda á Flötunum



Ragnheiður Sveinbjörnsdóttir – Eini íslenski keppandinn



Hér skokka keppendur af stað af Flötunum

Að kunna gott að meta

Á undanförunum árum hefur verið staðið myndarlega að framförum í þéttbýliskjörnunum í Brautarholti og við Árnes. Þær framfarir fólust í gatnagerð, lagningu gangstétta og götulýsingar. Auk endurbóta á fráveitulögnum og fullkominnar hreinsistöðvar í Brautarholti. Ekki þarf að efast um að þær betrubætur bæta lífsgæði, yfirbragð og ásýnd hverfanna. Verðmætaaukning eignanna í kjörnunum er ótvíræð. Að kveðja holóttar malargötur og tilheyrandi ryk hefði maður haldið að væri til bóta. Nokkrir af þeim íbúum sem í hlut eiga, kusu að fara þá leið að leggja fram stjórnsýslukæru þegar þeim var sendur reikningur fyrir gatnagerðargjöldum í kjölfar þessara umfangsmiklu framkvæmda. Gjöldin sem um ræðir voru mjög skikkanleg og aðeins fyrir litlum hluta af heildarkostnaði áðurnefndra framkvæmda. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hafði á sínum tíma ásamt lögfræðiráðgjöf bar mér sem framkvæmdastjóra sveitarfélagsins að leggja gjöld á þá lóðarhafa sem var úthlutað lóðum árin eftir 2003. Sumir borguðu reikninginn án athugasemda og nánast með bros á vör. Úrskurður hefur nú verið kveðinn upp og liggur nú fyrir að álagning gjaldanna sé ólögmat. Sveitarstjórn hefur ákveðið að aðhafast ekki frekar í málinu og lúta niðurstöðunni. Það lendir því á sveitarsjóði að borga allan kostnaðinn sem gagnast um 20 % íbúa sveitarfélagsins. Ekki verður nein frekari aðkoma að málinu af minni hálfu, eins og gefur að skilja. Engu að síður dreg ég ekki dul á að mér finnst þessi niðurstaða afar óeðlileg.

Það er tilefni til að óska þeim lóðarhöfum sem um ræðir til hamingju, það geri ég með fullum heilindum. Ég sakna þess að verða ekki meira en raun ber vitni, var við að lóðarhafar fagni þessum framförum. Á þessu tímabili frá því að áðurnefndar framkvæmdir hófust og fram undir þennan dag hafa mér borist til eyrna nokkrar óánægjuraddir vegna þessa máls. Það hafa allir rétt á að hafa skoðanir, ég virði þær og sýni þeim skilning. Einkum voru gerðar athugasemdir við hvernig staðið var að framkvæmdum, samskiptaleyzi og hörku við innheimtu, þó að ljúfmannlega hafi verið veittur greiðslufrestur meðan beðið var

úrskurðarins. En ég vona að það séu margir í hópnum sem gleðjast yfir framförunum. Maður spyr sig hvort það hefði verið betur heima setið en af stað farið með þetta verkefni. Svar mitt við spurningunni er nei, það var skynsamlegt að fara í þessar framkvæmdir og ég er stoltur af að hafa átt þátt í að þær urðu að veruleika. Þegar ég ek fram hjá þessum búsældarlegu hverfum verður mér reyndar hugsað til þess hversu mjög breytingin sem fólst í þessum framkvæmdum er til batnaðar. Ég veit að þessi hverfi sem og sveitarfélagið allt og íbúar þess hafa alla burði til bjartrar framtíðar.

Ég tek skýrt fram að þessum línum er ekki ætlað að túlka einhverja reiði eða biturð af minni hálfu í garð eins eða neins. Það er ekkert tilefni til þess af minni hálfu. Mér fannst einfaldlega ástæða til að þessi sjónarmið mín kæmu fram.

Góðar stundir og bestu kveðjur
Kristófer



Hjónin Knarrarholti taka hér upphitunar rúnt fyrir fjallferð en þau fóru sem trúss og matrður í Dalsá á Gnúpverjafrétt.

Molar af sveitarstjórnarfundum 25.08 og 16.09

Samþykkt um gatnagerðargjöld - ný samþykkt tekin til seinni umræðu og samþykkt samhljóða. Samþykktin var birt í B deild Stjórnartíðinda þann 9. september sl. Samþykktin hefur því tekið gildi og má finna á skeidgnup.is

Úthlutunarreglur lóða – ný reglugerð um úthlutanir lóða teknar til seinni umræðu og samþykktar. Markmið nýrra reglna er að auka gegnsæi. Reglurnar hafa tekið gildi og má finna á skeidgnup.is

Framtíðarsýn tjaldsvæðis í Árnesi – Leigutaki tjaldsvæðisins kynnti hugmyndir sínar að uppbyggingu á tjaldsvæðinu. Sveitarstjóra falið að skoða hugmyndirnar m.t.t rekstrar tjaldsvæðisins.

Fráveita Traðarlandi – umsókn um þátttöku sveitarfélagsins við niðursetningu rotþróar. Málið var afgreitt á fundi sveitarstjórnar þann 15. ágúst og byggist á upplýsingum frá skipulagsfulltrúa: Sveitarfélaginu er ekki skylt að aðstoða fyrr en uppbygging er orðin umfram það sem 12000 l. Rotþró, sem getið er í skipulagi, annar.

Breytingartillaga á samningi um útleigu fjallaskála á Gnúpverjaafrétti. Samningi sem gerður var í vor lítillaga breytt þannig að tekjur af gistingu renna til bæði leigutaka og leigusala.

Starfssamningur vegna áframhaldandi ráðningu sveitarstjóra, Sylvíu Karenar Heimisdóttur lagður fram og samþykktur með fjórum atkvæðum.

Kjartan Ágústsson sendi inn fyrirspurn um hvort sveitarstjórn teldi sveitarfélagið skaðabótaskyldt verði framkvæmdaleyfi v. Hvammsvirkjunnar ekki samþykkt. Áður hafði sveitarstjórn ákveðið að halda opinn fund um þessi álitaefni og fá sérfræðinga í málinu til að svara þessum spurningum. ASV bókaði – sjá fundargerð á skeidgnup.is

Umsókn um fjárveitingu til styrkvega - Vegagerðin úthlutaði styrk að fjárhæð 4.000.000 kr í lagfæringu á afréttavegi á Gnúpverjaafrétt.

Stefnt er að því að fá verktaka til að mala veginn frá Dalsá og inn að Bjarnalækjarbotnum eins langt og fjármagn leyfir.

Svör frá Umhverfis-og Auðlindaráðuneytinu: Ráðuneytið samþykkti að veita styrk vegna framkvæmda við fráveitur við Seyrustaði og nemur styrkurinn 30% af framkvæmdakostnaði. Ráðuneytið hafnaði hins vegar annarri beiðni um styrk til Seyrustaða á forsendum eflingar hringrásarkerfisins.

Stjórnarráð Íslands og Unicef bjóða sveitarfélaginu að taka þátt í innleiðingu barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Sveitarstjórn samþykkti samhljóða að taka boðinu.

Vikurnáma í Reykholti – Umsókn barst um enduropnun vikurnámu við Reykholt. Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa eftir umsóknum um efnistöku fyrir allt að 1000 m³ á ári.-með fyrirvara um samþykki Forsætisráðuneytis.

Landeigandi á Húsatóftum hyggst skipuleggja og reisa nýtt íbúðarhverfi í landi Húsatófta og óskar eftir því að sveitarfélagið breyti legu vegar í sínu deiliskipulagi. Sveitarstjórn telur að umræddur vegur hindri ekki gerð nýs deiliskipulags á svæðinu.

Reglugerð um tómsundastyrk var lögð fram. Forsendum var ekki breytt en reglurnar gerðar aðeins skýrari þar sem hingað til hefur verið unnið eftir bókunum af sveitarstjórnarfundum. Reglugerðina má finna á skeidgnup.is

Alþingiskosningar – Sveitarstjóra veitt umboð til að taka saman kjörskrá, fjalla um athugasemdir, gera nauðsynlegar breytingar og úrskurða um ágreiningsmál sem kunna að koma upp fram á kjördag.

Viðauki við fjárhagsáætlun – bæði tekjur og gjöld hækka frá upphaflegri áætlun en nettó áhrif á handbært fé í viðauka 3 er hækkun um 1.000.000 kr. – sjá frekari útskýringar í fundargerð

Vegagerðin óskar eftir framkvæmdaleyfi vegna nýrrar brúar við Stóru Laxá. Sveitarstjórn samþykkir að veita framkvæmdaleyfi.

Fréttir frá Þjórsárskóla

Nú er skólinn kominn vel af stað, gleði einkennir skólasamfélagið okkar og allir eru sammála um að gott sé að komast í rútínu.

Hjóladagurinn - Miðvikudaginn 8. september var hjóladagur í Þjórsárskóla. Þá komu allir með hjól í skólann og farið var í hjólaferðir, mislangar eftir aldri og getu nemenda. Þeir yngstu voru í kringum skólann og þeir elstu hjóluðu tæpa 12 km. Nemendur fengu umferðarfræðslu í undirbúningi fyrir hjóladaginn og allir hjóluðu í endurskinsvestum og með hjálma.

Réttir - Í vikunni fyrir réttir voru unnin ýmis verkefni með nemendum sem tengjast réttum og hefðum í kringum réttirnar. Á yngra stigi var sérstaklega rætt um bæjarnúmer, hvernig fletta á upp í markaskránni, orðaforði tengdur réttum og það hvernig á að umgangast kindur í réttunum.

